

C. Almenn ákvæði.

158

21. gr.

18. júlí

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

159

fyrir Rafveitu Hafnarhrepps.

18. júlí

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 0.50 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af 5 herbergjum hverrar íbúðar, og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram 5. Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélanar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til vélaeksturs í verksmiðjum og frystihúsum um kwst.mæli á kr. 0.50 hver kwst. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1—2 stundir síðdegis. Einnig á öðrum tímum, ef spenna er mjög lág.

159

II. MÆLALEIGA

18. júlí Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri húsveitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, er hér segir:

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 25 amp. og minni | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. | — 10.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

Grunngjald:

- | | |
|-------------------------------------|------------|
| 1. Af hverri loftlínuheimtaug | kr. 400.00 |
| 2. Af hverri jarðlínuheimtaug | — 600.00 |

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 2.00 af hverjum rúmmetra húsa, sem er fram yfir 100, allt að 1200 rúmmetrum.

Gjald þetta miðast við vírgildleika 3×70 mm² eða grennri, og lengd allt að 20 metrum fyrir jarðstreng og 40 metrum fyrir loftlínu. Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug lögð að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir.

Sérstök heimtaug lögð í útihús á byggingarlóð aðalhúss, telst sem aukaheimtaug.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu heimtaugar er lokið.

Hreppsnefnd lætur gera skrá yfir öll hús í hreppnum, og tilgreinist þar rúmmál þeirra, miðað við utanmál frá neðsta gólfi í topp á risi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greidd svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 10.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 10.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. BREYTINGAR GJALDSKRÁR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.